



Áfanganúmer: FORF1KB05

Þrep: 1

Einingar: 5

Forkröfur: engar

Lýsandi heiti: Fornfræði í 5. bekk formáladeildar

Áfangalýsing:

Fjallað er um gríska og latneska bókmenntasögu, einstök tímabil, formgerðir, helstu höfunda og verk þeirra með áherslu á epos og tragoediu. Lesin eru sýnishorn úr klassískum bókmenntum fornaldar í íslenskum þýðingum: Ílíonskviða, Ódysseifskviða, Aeneasarkviða og Ummyndanir Óvídíusar og harmleikurinn Medea eftir Eurípides. Nemendur halda á hvoru misseri bókmenntafyrirlestur og/eða skila ritgerð.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- mismunandi skeiðum grískra og rómverskra bókmennta
- tveimur formgerðum fornaldarbókmennta: eposi og harmleikjum og einkennum þessara greina
- innihaldi, byggingu og efni Hómerskviða og Aeneasarkviðu, Ummyndana Óvídíusar og harmleiksins Medeu eftir Eurípides

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilgreina megineinkenni tímabila bókmenntasögunnar og greina verk eftir tímabilum og menningarsvæðum
- skilja bókmenntir fornaldar á þeirra eigin forsendum
- greina áhrif bókmennta fornaldar á seinni tíma menningu
- tjá sig um bókmenntir fornaldar með viðeigandi fagorðum og á rökstuddan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja betur þá latnesku og grísku frumtexta sem lesnir eru í 6. bekk
- hafa gagn og gaman af bókmenntaverkum fornaldar og halda áfram að kynna sér þær upp á eigin spýtur
- skilja mikilvægi fornaldar í þróun lista og bókmennta hins vestræna heims

Mat á hæfniviðmiðum

- Námsseinkunn byggir á verkefnum, kaflaprófum, mætingu og virkni í kennslustundum.
- Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur.

- Vorpróf: Skriflegt próf í 90 mínútur.